

Nd. **157. Frumvarp til laga** [147. mál]

um breyting á lögum nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Halldór Blöndal, Jón Baldvin Hannibalsson, Svavar Gestsson,
Pétur Sigurðsson.

1. gr.

11. gr. orðast svo:

Öll lán Fiskveiðasjóðs til fiskiskipa skulu tryggð með 1. veðrétti í skipunum. Til nýrra fiskiskipa, sem smíðuð eru innanlands, mega lán nema 75% kostnaðar- eða matsverðs, þess sem lægra reynist. Með sama hætti skulu lán til skipa, sem smíðuð eru erlendis, vera hæst 60% kostnaðar- eða matsverðs. Óheimilt er að ákveða með reglugerð eða samþykkt stjórnar Fiskveiðasjóðs að munur á lánum til skipa, smíðaðra hér á landi og erlendis, sé minni en hér er kveðið á um, eða 15%.

Lán til kaupa á eldri fiskiskipum mega nema 25% kaup- eða matsverðs, þess sem lægra reynist, og skulu þá meðtaldar eftirstöðvar af lánum sjóðsins sem fyrir kunna að vera.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á s.l. vori en náði ekki fram að ganga. Þá fylgdi því svohljóðandi greinargerð:

„Öllum er ljóst að héðan af getur ekki lengi að hafist verði handa um endurnýjun fiskiskipastólsins. Auðgert er að láta þá endurnýjun fara alla fram erlendis enda alkunna að skipasmíðar og viðgerðir njóta opinberra styrkja, beinna og óbeinna, í helstu samkeppnislöndum okkar. Á hinn bóginn er fjármálakerfi okkar Íslendinga hvergi nærri fullburða svo að sérstakar opinberar aðgerðir hefur verið nauðsynlegt að gera á sviði peningamála til að tryggja rekstrarfé til samkeppnisiðnaðarins. Gleggstu dæmin um það eru Útflutningslána sjóður og sérstök ráðstöfun fjármagns í lánsfjárlögum vegna skipasmíðaiðnaðarins síðustu árin. Þetta er hvort tveggja ómissandi hluti af fjármálakerfinu og ylli verulegri atvinnuröskun ef niður félli.

Þetta frumvarp er í samræmi við yfirlýstar samþykktir Alþingis þess efnis að rétt sé og skylt að hlúa að skipasmíðaiðnaðinum. Við hann starfa um 2500 manns víðs vegar um landið. Á síðustu áratugum hafa starfsmenn skipasmíðastöðvanna öðlast mikla reynslu og verkþekkingu sem nýtist í ódýrari og betri þjónustu við fiskiskipastólinn. Gleggsta dæmið um tækniþróun og samkeppnishæfni íslensks skipasmíðaiðnaðar er frammistaða Slippstöðv-

arinnar hf. á Akureyri í alþjóðlegu útboði á kassavæðingu og á lengingu allmargra skuttogara frá Nova Scotia. Þetta verk er nú vel á veg komið og samvinna og samstarf við Kanadamennina eins og best verður á kosið enda þarf ekki að hafa áhyggjur af rekstrarfé eða fjármögnun verksins þegar unnið er fyrir erlenda aðila. Það gerir þessi viðskipti enn hagstæðari fyrir okkur Íslendinga að togararnir sigla vestur um haf hlaðnir fiskikössum frá Plasteinangrun hf. og með ýmsan útbúnað til meðhöndlunar á fiskikössum frá Odda hf. — Ekki þarf að taka fram að þessi „útflutningur“ á sérhæfðri verk- og tækniþekkingu í skipasmíðaiðnaði væri óhugsandi ef hér hefðu ekki verið smíðaðir skuttogarar áður. Það skyldu menn hafa í huga.

Þetta frv. er smátt í sniðum. Efni þess er að lán úr Fiskveiðasjóði til innlendra skipasmíða skuli vera litlum 15% hærri en lán til skipasmíða erlendis. Samþykkt frv. markar því engin tímamót en hún gæti með öðru meira verið þáttur í því að skapa skipasmíðaiðnaðinum viðunandi starfsgrundvöll.“